



**HEILBRIGÐISVÍSINDABÓKASAFN**  
**LANDSPÍTALA OG HÁSKÓLA ÍSLANDS**

**Ársskýrsla**

**Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands**

**2021**

**30.mars 2022**

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Almennar upplýsingar .....	2
Stjórn og starfsemi Heilbrigðisvísindabókasafns.....	3
Fjármál.....	3
Áskriftir og innkaup .....	4
Kennsla .....	5
Innlent samstarf .....	6
Erlent samstarf .....	7
Starfsmannamál .....	8
Húsnæði, tækjakostur og hugbúnaður.....	8
Viðaukar, tölulegar upplýsingar .....	9

## Inngangur

Landspítali hefur rekið fagbókasafn frá árinu 1968, fyrst inni á spítalanum sjálfum en frá árinu 1986 í Eirbergi. Sumarið 2016 flutti starfsemin að Rauðarárstíg 10 vegna rakaskemmda í húsnæði safnsins. Þann 9. september 2019 flutti safnið aftur á fornar slóðir í Eirbergi.

Árið 1987 var gert samkomulag milli Ríkisspítala og Háskóla Íslands um þjónustu Bókasafns Landspítala við ákveðnar námsbrautir og kennslugreinar á sviði heilbrigðisvísinda. Í framhaldi af því var sett á fót samstarfsnefnd Ríkisspítala og Háskólans sem gera skyldi tillögur um framtíðarskipan þjónustunnar.

Árið 1993 var gengið frá samkomulagi á milli Bókasafns Landspítala og Háskólabókasafns. Annars vegar um að útibú þess síðar nefnda á sviði hjúkrunarfræði, sem rekið hafði verið um árabíl í Eirbergi, rynni inn í rekstur Bókasafns Landspítala og hins vegar um greiðslur Háskóla Íslands vegna reksturs og þjónustu Bókasafns Landspítala. Sambærilegt samkomulag var gert varðandi þjónustu við læknaeild í upphafi ársins 1994. Bókasafn Landspítala starfaði síðan í samræmi við þetta allar götur til haustsins 2013 þegar undirritaður var samningur á milli rektors HÍ og forstjóra Landspítala um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands sem gildi frá 2014-2018. Samningurinn var endurnýjaður 2019 til 5 ára og endurnýjast sjálfkrafa að loknum þeim tíma nema honum verði sagt upp.

## Almennar upplýsingar

Bókasafnið er til húsa í Eirbergi, 1.hæð. Það er opið virka daga frá kl. 8 til 16 og síminn er 543 1450.

Netfang er [bokasafn@landspitali.is](mailto:bokasafn@landspitali.is) Vefsíða bókasafnsins er <http://bokasafn.landspitali.is>

Facebooksíða safnsins er [Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ](#)

Workplacesíðan er [Bókasafn - Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ](#)

EndurnýjanirTwitter reikningurinn er [Heilbrigðisvísindabokasafn LSH og HI](#)

## Stjórn og starfsemi Heilbrigðisvísindabókasafns

Stjórn safnsins er skipuð í samræmi við 3. grein samnings um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands. Í henni sitja Magnús Gottfreðsson, yfirlæknir Vísindadeildar Landspítala og Anna Sigríður Guðnadóttir, verkefnastjóri safnsins. Fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs HÍ í stjórninni er Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður. Um samstarf Heilbrigðisvísindabókasafns og Landsbókasafns sbr. 6. grein samningsins er vísað í kaflann Innlent samstarf á bls. 6 í skýrslu þessari.

Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ er fagbókasafn á heilbrigðisviði sem þjónar fyrst og fremst heilbrigðisstarfsfólki innan LSH og kennurum og nemendum í heilbrigðisvísindum innan Háskóla Íslands. Hlutverk þess er að veita aðgang að þeim vísindalegu og klínísku upplýsingum og þekkingu sem þessir aðilar þurfa í námi, klínísku starfi og rannsóknum. Safnið er þó öllum opið og rafræn gögn aðgengileg á staðnum.

Bókasafnið sinnir öllum hefðbundnum störfum sem unnin eru á spítala- og rannsóknarbókasöfnum. Þar má helst telja samninga um aðgang að rafrænum og prentuðum gögnum og upplýsingamiðlum sem og innkaup þeirra. Umsjón aðgangsstýringar og framsetningar gagna svo notendur hafi aðgang á sem einfaldastan hátt. Skráning safnkosts í bókasafnskerfi landsins og önnur rafræn kerfi sem auðvelda aðgang að safnkosti og niðurstöðum rannsókna. Þjónustan felur m.a. í sér kennslu og leiðsögn starfsfólks LSH og nemenda og kennara HÍ varðandi nýtingu safngagna og annarra upplýsingaveitna, heimildaleitir, millisafnalán, greinþjónustu og almenna aðstoð varðandi flest það sem snertir safngögn, heimildaskráningu og upplýsingaöflun.

## COVID

Heimsfaraldurinn setti áfram mark sitt á starfsemi bókasafnsins eins og annarra á árinu 2021. Árið hófst í fjöldatakmörkunum og unnu upplýsingafræðingar safnsins heima fram í febrúar. Adam var ekki lengi í paradís og þann 25. mars var aftur skellt í lás og samkomutakmarkanir urðu til þess að upplýsingafræðingar snéru aftur á heimaskrifstofur sínar þar til síðla í aprílmánuði. Síðla hausts var spítalinn settur á neyðarstig og tilmæli til starfsfólks um að vinna heima aftur gefin út svo enn á ný fluttust skrifstofur starfsmanna í heimahús. Lítil starfsemi var í húsinu á vegum HÍ svo nánast öll samskipti við stúdenta og kennara fóru fram rafrænt. Afgreiðslan var alltaf opin a.m.k. hluta úr degi til að sinna því sem þurfti á staðnum. Eins og fyrra ár féll hópakennsla í staðkennslu mikið til niður á þessum tíma með nokkrum undantekningum en var færð yfir í fjarkennslukerfi í staðinn. Sama gildir um einstaklingsaðstoð sem færðist yfir á netið líka. Kennslutölvur bókasafnsins voru lánaðar til smitrakningarteymis spítalans frá október 2020 og komu í hús aftur í október 2021 enda lítil eftirspurn eftir staðkennslu.

## Fjármál

Á árinu 2021 var rekstrarkostnaður Heilbrigðisvísindabókasafnsins 142,9 milljónir króna. Þar af nam kostnaður við kaup rafrænna tímarita og annarra rafrænna gagna 139,2 milljónum króna. Brugðist var við niðurskurðarkröfu og hækkandi áskriftaverði með uppsögnum áskrifta undir árslok sem tóku gildi 2022, sjá nánar á bls. 5. Þess skal getið áskriftargjöld að rafrænum gögnum eru greidd fyrir fram og langstærsti hlutinn í desember 2020 til janúar 2021. Launakostnaður á árinu nam um 52 milljónum króna.

## **Þjónustusamningar**

Bókasafnið hefur um langt árabíl gert samninga við ýmsar stofnanir á heilbrigðissviði um aðgang að þjónustu safnsins og safnkosti. Þjónustusamningar voru sjö talsins. Þjónustusamningum hefur fækkað mikið undanfarin ár. Þess má geta að á árinu 2014 gerðu 14 stofnanir samning við bókasafnið. Greiðslur vegna þjónustusamninga námu 2.7 milljónum króna á árinu 2021.

## **Áskriftir og innkaup**

### **Gagnasöfn**

Engin ný gagnasöfn voru tekin í áskrift á árinu 2021

Lista yfir gagnasöfn í áskrift er að finna á þessari slóð: <http://bokasafn.landspitali.is/?PageID=15490>

### **Rafbækur**

Engin ný rafbók bættist í safnið á árinu.

Eins og fram hefur komið í fyrri ársskýrslum þá er stór hluti rafbóka í eigu safnsins orðinn æði gamall. Ekki náðist að ganga í grisjun gamla rafbókapakkans frá OVID á árinu en margir titlar þar eru orðnir afar gamlir eða frá 2007. Rafbókakosturinn í séreign safnsins er nú um 425 titlar. Þar fyrir utan er aðgangur að fjölda rafbóka á heilbrigðissviði í gegnum þátttöku safnsins í landsaðgangi að rafrænum gögnum.

Rafbækur, bæði séreign safnsins, landsaðgangsbækur og bækur í opnum aðgangi, má nálgast á þessari slóð: <http://gegdir.hosted.exlibrisgroup.com/lhrml/ebooksearch?lang=ice>

Rafbækur safnsins eru einnig skráðar og aðgengilegar í gegnum Gegni/Leitir [https://leitir.is/primo\\_library/libweb/action/search.do?vid=LHRMLV&prefLang=en\\_US](https://leitir.is/primo_library/libweb/action/search.do?vid=LHRMLV&prefLang=en_US)

### **Bækur, prentaðar**

Á árinu 2021 var ein prentuð bók keypt, sjá bls. 9. Upplýsingar um prentaðar bækur safnsins má finna í Gegni (leitir.is)

### **Tímarit**

Fjöldi erlendra tímarita í séráskrift bókasafnsins í árslok 2021 var vel á sjötta hundrað titla þ.e. þar sem aðgangur er að tímaritshefti strax við útgáfu þess. Allar áskriftirnar eru rafrænar. Í tímaritapökkunum frá OVID, í LWW áskriftarpakkanum og PsycArticles pakkanum eru líka, auk „current“ tímarita fjöldi eldri titla sem ekki koma lengur út og er fjöldinn breytilegur frá ári til árs. Til viðbótar við ofangreindar áskriftir er safnið með fjölda tímarita í áskrift í gegnum samstarfið í Landsaðgangi.

Á árinu var engum tímaritum bætt í séráskrift safnsins.

Áskriftartímarit bókasafnsins má nálgast hér: <http://gegnir.hosted.exlibrisgroup.com/lhrml/journalsearch>  
Auk séráskrifta safnsins er þarna aðgangur að áskriftum í gegnum landsaðgang sem og tímaritum í opnum aðgangi sem skráð eru í DOAJ.

- Endurnýjanir

Nokkrir útgefendur ákváðu að eigin frumkvæði að halda óbreyttu verði í erlendri mynt frá fyrra ári þannig að það hjálpaði þó nokkuð. Almennt séð gengu samningar við erlenda útgefendur vel enda öllum í mun að halda góðu viðskiptasambandi í gegnum tímabundna erfiðleika vegna Covid-19.

Eins og fyrri ár stóð bókasafnið frammi fyrir niðurskurðarkröfu frá stjórn spítalans fyrir árið 2021 og til að mæta henni að hluta var sagt upp áskriftum 7 tímarita sem var helmingi færri titlar en sagt var upp árið áður. Við uppsagnir er horft til notkunar, verðs og fjölda áskrifta á sama sviði. Lista yfir uppsagnirnar er að finna í viðauka á bls. 11.

Eins og fyrri ár nýtir safnið sér þjónustu birgja til að sjá um áskriftir að titlum hjá vissum útgefendum. Fyrirtækið breytti um heiti eftir samruna á árinu og heitir nú LM Prenax. Þeirri breytingu fylgdi að bókasafnið þurfti að taka upp nýtt umsýslukerfi áskrifta. Safnið sér þó sjálf um nokkurn fjölda beinna samninga við útgefendur um staka titla í þeim tilfellum sem það er hagkvæmara. Þar fyrir utan er safnið með beina samninga við nokkra stóra útgefendur um talsverðan fjölda tímarita hjá hverjum og einum, svo sem Springer-Nature, Elsevier-Science Direct, Oxford, Wiley og LWW/WoltersKluwer svo einhverjir séu nefndir. Safnið er með beina samninga um tímaritaáskriftir við 22 erlenda útgefendur. Notkunartölur rafrænna tímarita er að finna í viðauka.

### **Samstarf um áskriftir**

Heilbrigðisvísindasafnið tekur þátt í samstarfi um Landsaðgang að rafrænum gögnum eins og það hefur gert frá upphafi þess verkefnis um síðustu aldamót. Greiðsluhluti Heilbrigðisvísindasafnsins árið 2021 var um 24.5 milljónir króna.

Þá er áskrift að Cinahl greidd sameiginlega af safninu, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Háskólanum á Akureyri. Kostnaði hefur verið skipt í samræmi við notkun stofnananna.

Gagnagrunnurinn Scopus er keyptur í samlagi með fjórum háskólum HÍ, HR, HA og LBHÍ og fjórum aðilum öðrum Hafró, Náttúrufræðistofnun, Krabbameinsfélagi Íslands, Náttúrustofu Kópavogs og Landsbókasafni háskólabókasafni.

Á árinu 2021 bættust við áskriftargreiðslur vegna sameiginlegrar áskriftar háskóla og rannsóknarstofnana að IRIS, upplýsingakerfi um rannsóknir (sjá bls. 6)

### **Kennsla**

Bókasafns- og upplýsingafræðingar Heilbrigðisvísindabókasafns halda námskeið og kynningar fyrir starfsfólk spítalans svo og nemendur hinna ýmsu deilda heilbrigðisvísindasviðs HÍ.

Námskeiðin fyrir háskólanemana eru alltaf hluti stærri vinnulagsnámskeiða sem kennarar háskólans skipuleggja. Annars vegar eru kenndar leitir í gagnasöfnum á sviði heilbrigðisvísinda og hins vegar notkun heimildaskráningarforrita. Nemendur hafa verið taldir í hvorum hluta fyrir sig enda sjá tveir starfsmenn safnsins um sinn hlutann hvor. Eins og fram kemur í kafla um COVID hér að framan þá fluttist stærsti hluti kennslu yfir í fjarkennsluumhverfi.

Alls voru kenndar 120 kennslustundir innan vinnulagsnámskeiða deilda Heilbrigðisvísindasviðs HÍ á árinu 2021 og er það fjölgun um 28 kennslustundir frá 2020. Fjöldi nemenda á námskeiðunum var 964 sem er fjölgun um 346 frá fyrra ári.

Eftir að samningur um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands var undirritaður 8. nóvember 2013 hefur ekki verið rukkað fyrir þá kennslu sem innt er af hendi fyrir HÍ.

Skipulögðum kynningum og námskeiðum fyrir starfsfólk spítalans fækkaði enn af skiljanlegum ástæðum og voru 2 talsins. Þátttakendur voru 9.

Á árinu 2020 var tekinn upp sá siður að skrá fjölda þeirra sem veitt er einstaklingsbundin kennsla og hversu margar heimildaleitir voru gerðar fyrir viðskiptavinum safnsins. Á árinu 2021 fengu 62 aðilar einstaklingsbundna kennslu og gerðar voru 27 heimildaleitir. Algengast er að það fari um klukkustund í hverja kennslustund en tíminn sem fer í heimildaleitirnar er yfirleitt lengri en mjög breytilegur.

COVID hélt áfram að riðla kynningaáformum starfsfólks en til stóð að endurtaka kynningu á þjónustu safnsins og safngögnum með heimsóknum á klínískar einingar spítalans sem gefist höfðu svo vel árið 2018. Standa vonir til þess að haustið 2022 beri með sér tækifæri til að taka upp kynningarþráðinn.

## **Innlent samstarf**

Helstu innlendu samstarfsverkefni

### ***IRIS (Pure)***

Verkefnastjóri bókasafnsins var árið 2019 skipaður í stýrihóp upplýsingakerfis um rannsóknir fyrir hönd spítalans en Landsbókasafn-Háskólabókasafn hefur innleiðingu, umsjón og rekstur þess kerfis með höndum skv. ákvörðun Menntamálaráðuneytisins. Upplýsingakerfið sjálft sem keypt var eftir útboð nefnist PURE og er frá Elsevier en það hefur fengið íslenska heitið ÍRIS (Icelandic Research Information System).

Þá var verkefnastjóri safnsins skipaður í verkefnahóp LSH um innleiðingu kerfisins á spítalanum ásamt tveimur öðrum starfsmönnum Landspítala, Oddnýju Gunnarsdóttur frá vísindadeild og Huldu Guðmundsdóttur frá HUT. Oddný hætti störfum á Landspítala á árinu og hennar sæti í verkefnahópnum tók Valgerður Backman.

Nokkrar tafir hafa orðið á því að innleiða kerfið, m.a. vegna Covid-19 og mannabreytinga hjá umsjónaraðila verkefnisins en mikil vinna hefur falist í alls kyns undirbúningi kerfisins fyrir innleiðingu. Þá kom í ljós að

móttaka gagna frá Landspítala var ekki hnökralaus og hefur vinnan innan bókasafnsins tafist vegna þess. Á árinu 2021 voru myndaðir undirhópar til að sinna vissum verkefnum í kerfinu s.s. uppsetningu verkferla. Í skráningarhóp er Guðrún Kjartansdóttir frá bókasafninu, í upplýsingatæknihóp var síðan skipuð Auður Ester Guðlaugsdóttir frá HUT og í hópi um rannsóknarstyrki og umsóknir er Valgerður Backman frá vísindadeild.

Allir háskólar landsins og helstu rannsóknarstofnanir munu verða þátttakendur í kerfinu þegar fram líða stundir en áætlað er að opna það í júní 2022.

### ***Landsaðgangur að rafrænum gögnum***

Heilbrigðisvísindabókasafnið hefur tekið virkan þátt í því samstarfsverkefni frá því það hóf göngu sína um síðustu aldamót. Stjórnandi safnsins hefur setið í stjórnarnefnd verkefnisins frá upphafi. Anna Sigríður verkefnastjóri safnsins situr í stjórnarnefnd. Á fundum nefndarinnar eru teknar ákvarðanir um endurnýjanir og eftir atvikum nýjar áskriftir.

### ***Samstarf stjórnenda háskólabókasafna.***

Safnið tekur þátt í samstarfi stjórnenda háskólabókasafna á Íslandi sem taka ýmis sameiginleg hagsmunamál háskólabókasafna til umræðu, s.s. nýtt bókasafnskerfi, stefnumótun um opinn aðgang, Íris upplýsingakerfi um rannsóknir, upplýsingalæsi o.s.frv. Anna Sigríður Guðnadóttir, verkefnastjóri safnsins, sinnir þessum verkefnum fyrir hönd þess. Á vegum fyrrgreinds samstarfs stjórnenda háskólabókasafna eru starfandi hópar sem fjalla um upplýsingalæsi og rafbækur sem starfsfólk safnsins hefur tekið virkan þátt í.

### ***Alma – nýtt bókasafnskerfi***

Undirbúningur að innleiðingu nýs bókasafnskerfis, ALMA, sem taka á við af Aleph-kerfinu í landinu hefur staðið lengi. Starfsfólk bókasafnsins tók á árinu þátt í ýmsum vinnuhópum s.s. um skráningu, rafræn gögn, SFX og útlánþátt. Hreinsa þurfti til í færslum safnsins og einnig þurfti að yfirfara allar SFX tengingar í tímarit svo hægt væri að flytja tímaritafærslur yfir í nýja kerfið. Gert er ráð fyrir að nýja kerfið opni í sumarbyrjun 2022.

### ***Samstarf við Landsbókasafn - Háskólabókasafn***

Á árinu 2021 hélt áfram traust og reglulegt samstarf og samtal við Landsbókasafn-Háskólabókasafn með hliðsjón af þeim samningi sem í gildi er um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns LSH og HÍ.

### ***Erlent samstarf***

Bókasafnið hefur verið þátttakandi í Evrópuverkefninu OpenAIRE frá árinu 2011 en það hefur gengið út á að efla umræðu um og vinna að framgangi opinna vísinda (Open Science) í víðum skilningi þar á meðal opins aðgangs (Open Access) að vísindagreinum og vísindagögnum og varanlegri varðveislu þeirra í samræmi við stefnu Evrópusambandsins. Fjallað hefur verið um verkefnið í fyrri ársskýrslum. Í mars 2021 varð sú breyting að verkefnið var stofnanavætt, gert að s.k. Legal entity undir hatti European Science Cloud. Við þau tímamót tók Landsbókasafn-Háskólabókasafn við sem aðalfulltrúi í verkefninu og hlutverk

NOAD (National Open Science Desk) sem Anna Sigríður Guðnadóttir hafði með höndum flutt þangað. Landspítali heldur tengslum við verkefnið sem aukafélagi, associate member. Nánari upplýsingar um ofangreind verkefni er að finna hér <https://www.openaire.eu/about>

Anna Sigríður Guðnadóttir er fulltrúi í EAHIL Council sem er ráðgefandi ráð fyrir stjórn EAHIL, Evrópusamtaka heilbrigðisvísindabókasafna. Skipunartími hennar er 2019-2022. Nánari upplýsingar hér: <http://eahil.eu/about-eahil/council/>

Inga Ágústsdóttir er fulltrúi Íslands í norrænum samstarfshópi háskólabókasafna um upplýsingalæsi og hefur setið í undirbúningshópi fyrir norræna ráðstefnu um upplýsingalæsi, Creating Knowledge, sem haldin var með rafrænum hætti í Tromsø í júní 2021, eftir að hafa verið frestað um ár vegna COVID-19. <https://site.uit.no/ck2020/program/>

### Starfsmannamál

Starfsmenn safnsins voru fjórir talsins í 4 stöðugildum á árinu 2021. Bókasafns- og upplýsingarfræðingar eru þrír og einn bókmenntafræðingur. Í upphafi árs tók gildi vinnutímastytting í samræmi við kjarasamninga. Útfærsla styttingar hefur gengið vel og er almenn ánægja með fyrirkomulagið meðal starfsmanna. Afgreiðslutími safnsins er óbreyttur.

Starfsmennirnir eru: Anna Sigríður Guðnadóttir, Guðrún Kjartansdóttir, Inga Ágústsdóttir og Sigurbjörn Svanbergsson.

### Húsnæði, tækjakostur og hugbúnaður

Eins og fram kom í ársskýrslu 2019 flutti bókasafnið aftur „heim“ í september það ár. Húsnæðið sem bókasafninu var úthlutað var þó mun minna en það hafði haft áður eða afgreiðsla, eitt tvöfalt herbergi og eitt lítið herbergi þar sem bókasafns- og upplýsingafræðingar safnsins hafa vinnuaðstöðu og kennsluherbergi þar sem eru 6 notendatölvur. Þá hefur safnið litla geymslu inn af afgreiðslu. Þetta þýddi að farga þurfti megninu af þeim prentaða safnkosti sem safnið átti við flutningana.

Notkun kennsluaðstöðu safnsins hafði aukist jafnt og þétt en eftir að COVID skall á var kennsluaðstöðu lokað. Kennslutölvurnar voru í láni hjá smitrakningarteymi frá október 2020 fram á haust. Hluta þess tíma fékk sambýlingur safnsins, Aðgerðasvið, stofuna lánaða undir sinn starfsmann.

Endurnýja þurfti eina fartölvu starfsmanns á árinu.

Enn er notast við gamla heimasíðaða beiðnakerfið í Lotus Notes sem komið er að fótum fram og þarf að fara að huga að arftaka þess. Beiðnakerfið heldur utan um tölulegar upplýsingar um fjölda afgreiddra beiðna sem og upplýsingar til að rukka inn útlagðan kostnað vegna millisafnalána sem bókhaldið tekur út úr kerfinu mánaðarlega.



## Viðaukar

[Nýjar rafbækur, tímarit og bækur 2021.](#)

[Starfsemis- og notkunartölur.](#)

[Uppsagnir áskrifta](#)

### Nýjar rafbækur:

Engar

### Nýjar tímaritaáskriftir:

Engar

### Prentaðar bækur keyptar 2021:

Modern Infectious Disease Epidemiology

## Starfsemisupplýsingar

Lykiltölur	2021	2020
<b>Afgreiddar greinar úr safnkosti</b>		
Til starfsmanna ofl.	102	144
Til bókasafna - innlendra og erlendra	2	4
<b>Samtals:</b>	<b>104</b>	<b>148</b>
<b>Aðfengnar greinar, bækur ofl. frá öðrum söfnum</b>	<b>203</b>	<b>275</b>
<b>Fjöldi útlána á safnefni</b>	<b>12</b>	<b>31</b>
<b>Fjöldi keyptra prentaðra bóka</b>	<b>1</b>	<b>1</b>
<b>Heimildaleitir fyrir starfsfólk</b>	<b>27</b>	<b>26</b>
<b>Einkakennsla (Fjöldi einstaklinga)</b>	<b>62</b>	<b>54</b>
<b>Fjöldi námskeiða og kynninga innan LSH</b>	<b>2</b>	<b>11</b>
<b>Fjöldi þátttakenda á námskeiðum&amp;kynningum innan LSH</b>	<b>9</b>	<b>42</b>
<b>Kennslustundir f. HÍ</b>	<b>120</b>	<b>92</b>
<b>Fjöldi nema HÍ í kennslustundum</b>	<b>964</b>	<b>618</b>
<b>Hirsla fjöldi greina í árslok</b>	<b>7774</b>	<b>7.418</b>
<b>OpenAthens nýir notendur á árinu</b>	<b>486</b>	<b>452</b>
<b>OpenAthens usage</b>	<b>5661</b>	<b>4346</b>
<b>OpenAthens fjöldi skráninga í árslok</b>	<b>1252</b>	<b>1055</b>
<b>OpenAthens innskráningar</b>	<b>5075</b>	<b>4346</b>

<b>Heilbrigðisvísindabókasafn LSH&amp;HÍ</b>		
<b>Notkun rafrænna tímarita og gagnasafna</b>		
	<b>2021</b>	<b>2020</b>
<b>Rafræn tímarit - fjöldi greina bæði HTML og PDF.</b>		
AACR	758	1.108
American Academy of Pediatrics	1.419	
ACP American college of Physicians (Annals of Internal Medicine)	531	358
AMA	4.871	5.095
ASM	484	1.379
American Society of Neuroradiology (AJNR)	287	306
American Society of Hematology (Blood)	338	812
American Association of Immunology (Journal of Immunology)	795	767
BMJ Journals	6.113	6.896
Cambridge University Press	558	455
Cell tímaritin	966	837
Ebsco Host **	4.126	1.515
Elsevier/Science Direct, séráskriftir og landsaðgangur	36.218	56.160
European Respiratory Society	1.121	811
Karger *	1.119	681
Maryann Liebert	345	526
Lippincott Williams and Wilkins (LWW)	19.689	12.529
Mark Allen Group		479
Nature Publishing Group	8.633	9.904
NEJM	7.815	8.949
Ovid PsycARTICLES regular searches	1.401	266
Oxford university press	7.709	8.548
ProQuest - rafræn tímarit **	898	1.175
PsycArticles	149	317
Rockefeller University Press	81	479
Sage publications ***	3.655	3.288
Science og Science Translational Medicine	600	852
Springer *	13.921	10.702
Taylor & Francis	3.286	6.576
Wiley	2.219	1.869
Wiley-Blackwell *	18.461	14.692
<b>Samtals:</b>	<b>148.566</b>	<b>158.331</b>

\* Landsaðgangur, beint frá útgefanda

\*\* Landsaðgangur, birtingartöf, greinasöfn, margir útgefendur

\*\*\*Landsaðgangur beint frá útg.+ 1 séráskrift

<b>Notkun rafrænna gagnasafna og tímarita, framhald</b>		
	<b>2021</b>	<b>2020</b>
<b>Gagnasöfn</b>		
Best Practice (BMJ) leitir	3.480	4.492
Cinahl (Ebscohost) leitir	3.770	3.989
Cochrane Clinical Answers	106	161
EBM Reviews leitir	1.631	1.062
Global Health leitir	31	17
Joanna Briggs (leitir)	423	447
Natural Medicines	748	1.707
Ovid Medline leitir	1.506	798
PsycBooks leitir	31	56
PsycInfo leitir (result clicks)	1.994	4.624
Scopus-leitir	18.410	9.713
UpToDate - Topic Reviews	115.246	107.516
Micromedex	14.848	12.351
Web of Science	Tala ófáanleg	4.117
<b>Samtals:</b>	<b>162.224</b>	<b>151.050</b>
<b>Rafbækur</b>		
Books@Ovid -title requests	220	237
Medicines Complete	5.125	6.808

**Uppsagnir áskrifta sem tóku gildi áramót 2020/2021:**

British Journal of Nutrition
Eye
Journal of Applied Physiology
Journal of Child&Adolesc Psychopharmacology
Neurosurgery
Platelets
Thyroid